

Skýrsla Æskulýðsnefndar Grana á Húsavík

Æskulýðsnefnd

Björn Ægisson

Gísli Haraldsson

Laufey Marta Einarsdóttir

Jón Óli Sigrfússon

Svanhildur Jónsdóttir

Starf æskulýðsnefndar Grana árið starfsárið 2012-2013 var ágætlega virkt og margt skemmtilegt gert með krökkunum.

Hittingar

Haustið byrjaði á nokkrum hittingum í ungmennahúsinu Túni en þar komu krakkarnir saman, horfðu á myndir, spiluðu, gerðu piparkökur og fleira. Við höfum reynt að hafa þessi kvöld nokkuð reglulega þegar lítið er um að vera í hesthúsinu.



Námskeið

Haldin voru tvö námskeið sem voru opin öllum, þar sem krakkarnir gátu mætt með sína eigin hesta eða fengið þá lánaða. Kennarar á þessum námskeiðum voru þau Ingólfur Jónsson, Karin Gerhartl og Linnea Kristin Bofeldt. Þessi námskeið voru ágætlega sótt en teljum við okkur geta gert enn betur í þeim efnum.

Svo var haldið keppnis námskeið, sem börn og unglingar sem stefndu á keppni gátu sótt og var kennari þar Erlingur Ingvarsson

Einnig kom Erlingur reglulega til okkar í vetur og nýttu þeir krakkar sem lengra eru komin sér þá tíma vel.

Fákar og fjör



Farið var á Fákar og fjör 20. apríl með glæsilegt stjörnuljósaatriði á vegum Grana. Þar var blandaður hópur af fullorðnum og unglingum

Æskan og hesturinn

Farið var á Æskan og hesturinn á Sauðárkróki 4 maí. Í ár var ekki farið með hesta þannig að ákveðið var að kíkja í heimsókn og leyfa krökkunum að læra eitthvað af þessu líka. Farið var á sýninguna á Sauðárkrók og síðan í heimsókn til þeirra Mettu og Gísla á Þúfur þar sem að Metta var með sýnikennslu ásamt því sem að krakkarnir fengu að skoða aðstöðuna á Þúfum. Eftir það var farið með krakkana á Bautann að borða og síðan fengu þau að gista öll saman. Þessi ferð var mjög vel heppnuð og var ákveðið að við myndum fara annað hvert ár með hesta á sýninguna en hin árin yrði svona óvissuferð.



Hestur í fóstur

Boðið var upp á hestur í fóstur í vetur. Þar gátu börn sem voru orðin þokkalega sjálfstæð í hestamennsku en höfðu ekki aðgang að hesti leigt sér hest sem þau hugsuðu um allan veturinn. Þetta nýttu tveir krakkar sér.

Keppni

Grani stóð fyrir tveimur keppnum í ár og var það annarsvegar firmakeppni Grana og svo ísmót á Kaldbakstjörninni. Krakkarnir voru einnig dugleg að sækja keppnir annarsstaðar eins og t.d Mývatn Open, Líflandsmóti Léttis, Goðamót Léttis, Einarstaðir, Melgerðismelar, Ásbyrgi og svo Íslandsmót yngri flokka. Á þessum mótum höfum við alltaf átt krakka í fremstu röð.



Haustslútt

Hvert ár endum við svo með haustslútti. Í ár hittumst við í Bústólpahöllinni sem er reiðhöllin okkar hér á Húsavík. Farið var í leiki og pöntuð pizza og höfðu allir mjög gaman að.

